

**Nefndasvið Alþingis**  
**Allsherjar- og menntamálanefnd**  
**b/t. nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**



Reykjavík, 25. júní 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (14. mál).  
*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér ótvíræða heimild Hagstofunnar til að safna fjárhagsupplýsingum frá fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri.*

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að regluleg greining á stöðu heimila og fyrirtækja liggja fyrir svo unnt sé að meta stöðu og þróun mála hverju sinni. Hins vegar, í ljósi stjórnarskrárváringar friðhelgi einkalífs manna, er rétt að gera ákveðna fyrirvara við svo viðamikla upplýsingasöfnun umfram þá söfnun sem á sér þegar stað í dag. Slík sjónarmið eru reifuð ítarlega í umsögnum nokkurra umsagnaraðila, sem Viðskiptaráð tekur undir. Vísast hér m.a. til orðalags 3. gr. frumvarpsins sem heimilar söfnun upplýsinga allra fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri, sem Viðskiptaráð telur of víðtækt með öllu.

Þá verður að hafa í huga samspil þessarar heimildar og þagnaskylduákvæða annarra laga. Eins og komið er inná í umsögnum [SFF](#) og [FME](#) vikur heimild þessa frumvarps slíkum ákvæðum til hliðar. Með því er viðurlagaákvæðum þeim tengdum jafnframt vikið til hliðar, en hér vísast einkum til 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Starfsmenn Hagstofunnar munu samkvæmt þessu ekki bera sömu refsíabyrgð og starfsmenn fjármálafyrirtækja og FME, sem er óásættanlegt að mati Viðskiptaráðs. Þessu er þarft að breyta í samræmi við athugasemdir FME.

Að auki tekur Viðskiptaráð undir athugasemdir í þá veru að þessi nýja heimild megi ekki skapa aukinn kostnað og fyrirhöfn. Vísast hér m.a. til umsagnar [Seðlabankans](#) sem telur sig áfram þurfa að safna gögnum milliliðalaust frá fjármálafyrirtækjum landsins, en þær upplýsingar er aftur heimilt að nota til hagskýrslugerðar. Telur Seðlabankinn því að markmið frumvarpsins um hagkvæmni muni ekki nást vegna aukinna byrða til upplýsingagjafar sem getur haft neikvæð áhrif á gæti og samræmi gagna, auk þess sem bankinn telur hæpið að frumvarpið nýtist til að meta kerfisáhættu fjármálakerfisins.

Leggur Seðlabankinn því til að í stað þeirrar leiðar sem hér er lögð fram verði komið á fót miðlægum skuldagrunni sem þjónað geti Seðlabankanum, FME og Hagstofunni í þeirra störfum. Með því væri unnt að sameina þarfir vegna eftirlits, greininga fjármálakerfisins og hagskýrslugerðar. Viðskiptaráð telur mjög þess virði að skoða þessa tillögu nánar í góðu samstarfi við fjármálafyrirtækin og fleiri aðila og leggur ráðið því til að beðið verði með afgreiðslu frumvarpsins á meðan.

Nái það ekki fram að ganga er, auk ofangreindra þátta, rétt að endurskoða ákvæði 6. gr. frumvarpsins í þá veru að heimild frumvarpsins falli niður árið 2017 í stað þess að hún verði endurskoðuð. Við það væri komið fast tímamark á endurskoðun sem krefðist þinglegrar meðferðar á ný. Að auki væri rétt af nefndinni að skoða sérstaklega athugasemdir [Datamarket](#) er snúa að tæknilegu hliðum gagnaöflunarinnar.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands